

MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNAD



all
originals

cambridge nylon

adidas.com/originalswatches



© 2012 adidas AG, Fossil Inc., Texas. Made under licence from adidas AG, adidas, the Trefoil and the 3-Stripes are registered trademarks of the adidas Group. Le nom adidas, le Logo, le trefoil et la marque à 3 rayures sont des marques déposées par le Groupe adidas.

Þess má til gamans geta að **Sigurður Árni**, hér að neðan, á föður sem heitir Jósef og er trésmiður, auk þess sem Sigurður er fæddur á jólnunum. Kunnuglegt?



SIGURÐUR ÁRNI Á 30 SEKÚNDUM

Fyrstu sex: 241275.

Uppáhaldsmatur: Ég verð að segja allt sem er til á Núðluhúsinu og á Vegamótum.

Uppáhaldsstaður í heiminum: Akureyri.

Uppáhaldsskiðastaður: Hlíðarfjall.

Uppáhaldsfólk: Allir sem kunna að meta mig og mitt fólk.

SIGURÐUR VIÐ ÚTBÚNAD SNJÓBRETTASTÖKKPALLSINS

Allir fá tíu í kladdann

Snjóbretta- og tónlistarhátíðin **AK Extreme** verður haldin í sjötta sinn á Akureyri um helgina. **Monitor** heyrði af gangi mála hjá **Sigurði Árna Jósefssyni**.

„Þetta er snjóbretta- og tónlistarhátíð sem snýst einfaldlega um að smala góðu fólki saman og hafa gaman,“ segir Sigurður Árni Jósefsson, einn af aðalskipuleggjendum hátíðarinnar AK Extreme sem fram fer á Akureyri um helgina. Hátíðin verður sett í teiti á Græna hattinum sem haldið verður í kvöld. „Dagskrá helgarinnar er stúffull svo við erum í góðum málum. Hlíðarfjall verður opið alla dagana, ef veður leyfir, og við erum búnir að útbúa mjög fina aðstöðu þar svo það verður stuð í fjallinu,“ bætir hann við, en hvernig fara snjóbrettamennska og tónlist saman? „Þetta fer mjög vel saman enda er þetta bara spurning um að skemmta sér. Brettamennska snýst bara um að hafa gaman.“

Hápunktur helgarinnar

AK Extreme er nú haldin í sjötta skipti en hún hefur verið haldin með hléum frá árinu 2002. Sigurður segir að hátíðin nái hápunkti á laugardeginum. „Menn vakna snemma á laugardaginn en við opnum í fjallinu kl. 10 þann morgun. Þá renna menn sér allan daginn og svo nær hátíðin eiginlega hápunkti um kvöldið. Þá fer fram Eimskips-gámastökkskeppnin

niðri í bæ og risapartí á eftir. Þar eru allir „all in“, eins og maður segir. Í fyrri mættu hátt í 7.000 manns að horfa á gámastökkskeppnina og í ár verðum við með risaskjá og hörkuhljóðkerfi frá Óla Ofur. Við erum búnir að vera vinna í að byggja gámastökspallinn í dag sem felst í því að byggja tröppur úr tíu gámum, smíða brekku yfir þá og síðan er snjór lagður yfir það,“ bætir hann við en framkvæmdirnar má sjá á myndinni fyrir ofan.

Er í skjúnunum

Eins og fram hefur komið snýst hátíðin um að skemmta sér á snjóbretti á daginn og tjútta á kvöldin, en hyggst skipuleggjandinn sjálfur vera duglegur að renna sér í fjallinu? „Það er nú það, ég fer að verða orðinn of gamall í það, hnén eru orðin eitthvað slæm og svona. Ég er aðallega að sjá til þess að aðrir hafi gaman en ég geri það með glöðu geði, mér finnst skemmtilegt að standa í allri skipulagningunni. Ég er í skjúnunum yfir þessu öllu og yfir öllum sem hafa komið að þessu. Finnur bóndi, Akureyrarstofa, Eimskip, Burn, Gummi í Hlíðarfjalli, Quiksilver, Noland og bara allir fá tíu í kladdann frá mér.“ *elg*

MMM

MONITOR MÆLIR MEÐ...

FYRIR MIÐBÆJARROTUR

Ef þig langar að fá þér göngutúr niðri í miðbæ Reykjavíkur í vorloftinu og setjast niður á heimilislegu kaffihúsi þá er **Stofan við Ingólfstorg** tilvalinn staður fyrir þig. Stofan er ekki stærsta kaffihúsið í bænum en er þeim mun notalegr og tilvalin til að hitta vini og ræða málin yfir bolla.




FYRIR KVÍKMYNDAÁHUGAFÓLK

Í gær hófst **Indversk kvikmyndahátíð í Bíó Paradís** sem haldin er í samstarfi við indverska sendiráðið. Kvikmyndahátíðin er sú fyrsta sinnar tegundar hérlendis en hluti af andvirði seldra miða mun renna til styrktar starfi Vina Indlands. Á hátíðinni eru sýndar fimm ólíkar kvikmyndir sem kvikmyndaáhogamenn ættu ekki að láta framhjá sér fara, þar á meðal ein ekta söngva- og dansmynd frá Bollywood, en ekki hvað!



FYRIR ÍÞRÓTTAFÓLK

Þegar vorar er fátt skemmtilegra en að grípa í körfubolta og fara út í góða veðrið að skjóta á korfu. Í takt við það er vel við hæfi að fylgjast með undanúrslitarimmunum í **Iceland Express-deild** karla



sem nú er í fullu fjöri. Þar eigast við annars vegar KR og Þór Þorlákshöfn og hins vegar Grindavík og Stjarnan og því er um að gera að fjölmenna í hallirnar og styðja sitt lið til sigurs.

Facebook



Sveinn Elías Jónsson
Var nakinn í reit i dag ásamt joa, busa og el baz a morgunaef-ingunni...tad var gaman!)
11. apríl kl. 16:59



Björk Eidsdóttir
nennir fólk að hætta að bjóða sig fram til forseta?
11. apríl kl. 11:57



Unnsteinn Manuel Stefánsson
Takk fyrir skemmtilega helgi allir saman! Var að ráðfæra mig við pabba, og komst að því að helmingurinn af vídjóklippum helgarinnar eru ekki birting-arhæf. Það kalla ég góðan árangur.
10. apríl kl. 16:10



Einar Bardarson
Hver þorir í Breakdans-battle í Fellahelli í kvöld?
7. apríl kl. 17:00



Sölvi Tryggvason
Nú fyllist facebook-síðan mín af kolvetnasveltum ungmennum með skósvertubrunku. Er vinahópurinn minn hér ef til vill eilítið undarlegur?
5. apríl 16:07

FEITAST Í BLAÐINU

4 Atján keppendur keppa í hæfileikumanna kvöld í **Hæfileika-keppni Íslands**.



6 Stíllinn kíkta í fataskápinn hjá **Hönnu Soffíu Þormar**, verslunarstjóra og smekki.



8 Sykur hentu einu sinni flatskjá næstum því út um hótélbergisglugga.



14 Þóra Arnórs hefur aldrei verið með yfirdrátt né farið í fallhlifarstökk á ævinni.



Efst í huga Monitor

Gott að eiga góða að

Það er alveg ótrúlegt hvað það kemur sér oft vel að eiga góða að. Það er yndislegt að finna fyrir því þegar þeir sem standa þér næst halda með þér og svo getur verið virkilega ljúft að fá bara klapp á bakið frá félaganum.

Svo koma líka dagar þar sem vinir manns koma manni til bjargar. Maður getur verið veikur heima og misst af ótrúlega mikilvægum tíma í skólanum en þá er hægt að treysta á sína vandamenn því þeir deila með þér glósunum, jafnvel án þess að þú þurfir að biðja um það. Þeir láta þér líða eins og þú hafir ekki misst af neinu.

Félagarnir geta líka hjálpað í ástarmálunum, hvort sem það er að vera vængmenn á skemmtistadnum og brjóta ísinn við stelpuna sem



þú þorir ekki sjálfur að spjalla við af fyrri bragði eða að vera til staðar þegar ástin hefur brugðist þér.

Ég er svo heppinn að eiga marga góða að en þessi pistill er tileinkaður félögum mínum á Monitor því þegar þetta er skrifað er ég staddur í Portugal og þarf ekki að hafa neinar áhyggjur af blaði þessarar viku. Ég get stólað á að þeir klári blaðið með sóma, jafnvel þó að langt páskafrí sé að baki.

Ég legg til að þú, lesandi góður, rifir upp einhver góð atvik þar sem félagarnir hlupu í skarðið fyrir þig og sýndu hvers virði þeir eru.

Takk, vinir mínir, ekki bara fyrir að redda mér heldur fyrir að vera til.

Sólarkveðjur,
Jón Ragnar



GUÐBJÖRG LINDA HERMANNSDÓTTIR

22 ára úr Reykjavík

Syngur frumsamið lag

Guðbjörgu Lindu er ýmislegt til lista lagt, en þessi unga móðir, eiginkona og íslenskukennari syngur, spilar á píanó og semur lög. Guðbjörg er gallharður Valsari sem hatar að tapa og á yngri árum var hún eitt sinn tekin í misgripum fyrir stórstjörnuna Britney Spears.



KRISTINN GAUTI GUNNARSSON

17 ára frá Akranesi

Sýnir töfrabrögð

Þessi jákvæði og hressi strákur hefur lært öll sín brögð af netinu og DVD-myndum. Það leiðinlegasta sem hann gerir er að gera ekki neitt og fyrirmyndir hans eru töframaðurinn Lance Burton og kvikmynda-leikstjórnarnir Christopher Nolan og James Cameron.

Leitin heldur áfram að þeim hæfileikaríkustu

Monitor hélt áfram að kynna sér keppendur í **Hæfileikakeppni Íslands**. Annað kvöld fer fram þriðja af fjórum undankvöldum keppinnar þar sem átján keppendur bítast um sæti í úrslitum.



HALLDÓR ÖRN RÚNARSSON

29 ára úr Hafnarfirði

Syngur og spilar á gítar

Hafnarfirðingurinn Halldór veit fátt betra en lambakjöt á sinn disk og uppáhaldsmyndin hans er The Shawshank Redemption. Halldór býður ávallt góðan daginn og fyrirmynd hans er harðhausinn Chuck Norris.



SIGGI BACH

22 ára frá Akranesi

Spilar á gítar

Uppáhaldslitur Sigurðar er rauður enda heldur hann með Manchester United í enska boltanum. Áhugamál hans eru tónlist og líkamsrækt og hann stefnir á toppinn með hæfileika sína. Sigurði leiðist að gera ekkert og telur sinn besta kost vera ofvirkni.



SÖNGHÓPURINN LAGLEGAR

Íris Hauksdóttir, Ása Björg Valgeirsdóttir, Guðrún Inga Hannesdóttir og Jónína Björk Stefánsdóttir

24-33 ára

Syngja Jar of Hearts fjórraðað

Það var á Dalvík sem þessar söngkonur kynntust fyrst en þær sungu saman í kvennakórnum Sólku. Meðal áhugamála innan hópsins er að sjálfsgötu söngur en þessar hressu konur hafa einnig gaman af glensni og gríni.



KRISTÍN HARPA JÓNSDÓTTIR

15 ára frá Ísafirði

Spilar Beethoven á píanó

Þessi unga Ísafjarðarmær hefur mikinn áhuga á tónlist, söng og leiklist. Hún er skapgóð og hláturmild og það fyndnasta sem hún hefur lent í var þegar hún festi fingur á milli píanónótta. Kristín hyggur á framhaldsnám í tónlist, helst í New York, og langar að öðlast frægð fyrir hæfileika sína.



SÖLVI SNÆR JÖKULSSON

18 frá Selfossi

Trommar takta með fingrunum

Sölvi Snær kann að meta allan góðan mat og hans helstu áhugamál eru eðlisfræði og tölvuleikir. Hann helsti kostur er gáfurnar og hann stefnir á að skemmta sér og öðrum með hæfileikum sínum. Sölvi Snær á sér enga fyrirmynd enda telur hann að það lýsi ósjálfstæði og óöruggi.



ÁSTA B. ORELLANA

29 ára úr Mosfellsbæ

Syngur Make You Feel My Love

Söngfuglinn Ásta á góða sögu úr búðarferð. „Ég var í þæjufötunum og beygði mig niður til að henda hundamatspoka í kerruna þegar ég heyrði rosalegt hljóð. Ég hélt ég hefði rífið pokann og maturinn væri að rúlla um allt en nei, buxurnar höfðu sprungið utan af mér alla leið. Gellan ég varð því að klára að raða í pokana, borga og koma öllu út í bíl með rassinn hangandi úti.“



HRAFNHILDUR MAGNA ING- ÓLFSDÓTTIR

14 ára úr Reykjavík

Syngur lagið *With or Without You* með hljómsveitinni U2

Hamborgarhryggur er í miklu upphaldi hjá Hrafnhildi sem finnst fátt leiðinlegt í veröldinni. Ef hún þyrfti að velja eitthvað væri það að bera út blöð á köldum snjóþungum vetrarmorgnum. Annars skemmtir Hrafnhildur sér alltaf vel með vinum sínum.



SÖNGHÓPUR- INN M&M

Marín Ásta Hjartardóttir og Melkorka Rós Hjartardóttir

21 og 16 ára systur

Syngja lag Adele, *Someone Like You*

Þessar söngelsku systur eiga ýmislegt sameiginlegt. Áhugamálin eru söngur og félagslíf og upphaldsmyndirnar eru dans- og söngvamyndir. Það leiðinlegasta sem þær gera hinsvegar er að taka til.



RADIOACTIVE- PANTS

20 og 21 árs úr Reykjavík

Sýna parkour og freerunning á sviði

Hópurinn samanstendur af þremur hressum strákum úr Reykjavík sem komnir eru á svið til að sýna listir sínar í parkour sem nýtur sífellt meiri vinsælda. Áhugamál strákanna er kvikmyndagerð en parkour á hug þeirra allan þessa stundina. Upphaldsþróttalið strákanna er að sjálfsögðu þeir sjálfir – eða Radioactive Pants.



ELVAR KRISTINN OG SARA LIND

10 ára frá Kópavogi og Reykjavík

Dansa jive

Elvar Kristinn og Sara Lind stefna hátt í dansheiminum en þau ætla sér ekkert minna en heimsmeistaratil. Elvar er logandi hræddur við fugla en Söru er ekkert um drauga gefið. Aðspurð um upphaldsþróttaliðið sitt eru þau einróma sammála um að það sé Dansþróttafélag Kópavogs.



EYDÍS ELFA ÖRNÓLFSDÓTTIR

11 ára úr Mosfellsbæ

Eydís tekur lagið *Lífíð* er yndislegt

Eydís finnst skemmtilegast að syngja og dansa enda er upphaldskvikmyndin hennar dans- og söngvamyndin *Grease*. Hún er mikill áhangandi *Aftureldingar*. Það sem Eydís óttast mest er að lenda skyndilega í búri fullu af hákórlum en því má slá föstu að engin hættu er á því í Hæfileikakeppni Íslands.




BJARGEY BIRGISDÓTTIR

11 ára úr Reykjavík

Spilar *Perpetual Emotion* á fiðlu eftir Carl Bohm

Bjargey hefur gríðarlegan áhuga á fiðluleik enda hefur hún spilað á hljóðfærið frá fimm ára aldri. Bjargey hefur æft stíft á hljóðfærið og hlotið afbragðskennslu í *Allegro* tónlistarskólanum. Hún stefnir að sjálfsögðu hátt í klassískri tónlist og stefnir á að leika með Sinfóníuhljómsveit Íslands.



ÓLAFUR HELGI HALLDÓRSSON

21 árs frá Akranesi

Ólafur syngur lagið *Segðu mér sem Jónsi söngur í undankeppni Eurovision árið 2007*

Ólafur er mikill söngvari og gítarleikari, hann hefur mikinn áhuga á leiklist og almennri gleði og glensu. Hann þolir ekki að skafa bílinn sinn en hans helsta fyrirmynd í tónlistinni er konungurinn sjálfur, Bubbi Morthens.



TVEIR KASSAR

Fróði Ploder og Kristján Klausen

20 og 21 árs úr Reykjavík

Spila eigin útsetningu á laginu *Kvæðið um fuglana*

Kristján er útlærður djassgítarleikari úr FÍH á meðan Fróði hefur barið trommum í mörg ár. Kristján spilar á kassagítar í atriðinu og Fróði cajon eða trommukassa sem á uppruna sinn meðal afrískra þræla í Mið- og Suður-Ameríku.




JAIR VEGA MIRANDA

25 ára úr Reykjavík

Sýnir sirkuskunstir þar sem eldur kemur við sögu

Jair er mikill náttúruunnandi og ferðalangur. Hann vill að hæfileikar sínir auðveldi honum að kynna nýjum heimshlutum og menningarheimum sem móti hann sem manneskju. Súperdjögglarinn Anthony Gatto úr Cirque du Soleil er hans helsta fyrirmynd í sirkusfræðum.



ARNAR INGI ÓLAFSSON

22 ára úr Reykjavík

Syngur Folsom *Prison Blues* með Johnny Cash

Arnar er mikill aðdáandi goðsagnarinnar Johnny Cash. Honum leiðist gríðarlega að horfa á vöndur bíómyndir, hann er logandi hræddur við hákarla og meðal hans upphaldskvikmynda er eðalvestrið *The Good, the Bad & the Ugly*.



FÍNASTA FÍNT

Þennan kjól fékk ég í Spúútnik og mér finnst hann ótrúlega skemmtilegur. Bæði ermarnar og litirnir í kjólnum gera hann svo einstakan. Ég hlakka mikið til að nota hann í sumar við sparitækifæri.



ÚT Á LÍFIÐ

Ég elska þennan jakka sem ég fékk í Nostalgiu fyrir stuttu. Hann er svona stykki sem ég á alltaf eftir að eiga og er algjör glam-rock-fillingur í honum. Samfestinginn fékk ég líka í Nostalgiu og ég er ástfangin af túrkísbláa litnum.



DAGSDAGLEGA

Þennan bol fékk ég í Spúútnik og hef notað hann mikið. Mér finnst skemmtilegt að nota hann bæði við einfaldar gallabuxur og líka við eitthvað flippaðra eins og sítt pils eða pallfettubuxur.

Fatavalið fer eftir veðri og skapi dagsins

Hanna Soffía Þormar er verslunarstjóri í Spúútnik Laugavegi og er heldur betur með puttann á púlsinum þegar kemur að tísku. **Stíllinn** fékk Hönnu til að púsla saman fötum úr ævintýrlega fataskápnunum sínum fyrir þrjú mismunandi tilefni þessa vikuna.

Átt þú þér einhverjar fyrirmyndir í fatavali?
Fyrirmyndir mínar eru mjög breytilegar. Oft er það tískuþáttur, ljósmynd eða kvikmynd og stundum fer það einfaldlega eftir veðri eða skapinu sem ég er í.

Í hvaða búðum verslar þú helst?
Aðallega í Spúútnik, Nostalgiu og Rauða-krossbúðinni.

Átt þú þér uppáhaldstískublogg?
Nei, ég skoða mjög sjaldan svoleiðis. En ég fylgist vel með götutískunni hér í Reykjavík.

Hvað verður það heitasta í sumar að þínu mati?
Af því sem ég hef séð verður mikið um að vera í algjörlega einlitu áfitti, sérstaklega í pastellitum. Svo er það andstæðan sem er að

blanda gjörólíkum mynstrum saman. Svo eru föt með skemmtilegri áferð mjög vinsæl t.d. mohair, gegnsæ efni, glimmer, loð o.s.frv.

Hefur þú einhverntímann litið til baka og séð eftir að hafa klæðst einhverju?
Nei, alls ekki. Á þeim tíma sem ég klæddist einhverju hallærislegu fannst mér það örugglega bara geðveikt flott!

Átt þú þér einvern íslenskan hönnuð sem er í uppáhaldi?
Já. Munda, Hildi Yeoman og Aftur.

Ef þú myndir vinna í lottó, hvað væri það fyrsta sem þú myndir kaupa?
Verslunarferð til New York og/eða Tokyo.



Stjörnustríð

ZOE SALDANA VS. KATY PERRY
Zoe Saldana er óaðfinnanleg í þessum kjól frá tískuhúsi Balmain. Katy Perry tekur sig einnig vel út í sama kjól án hvíta pilsins en Zoe hefur vinninginn.

ASHLEY GREENE VS. ANNALYNNE MCCORD
Það er augljóst hver er glæsilegri í þessum ljósgráa kjól. AnnaLynne McCord gerir allt rétt í þessari umferð. Skómir og hatturinn eru flottir fylgihlutir og beltið setur punktinn yfir i-ið.

MIRANDA KERR VS. KIRSTEN STEWART
Hér sjást tvær mjög ólíkar konur klæðast sama leðurjakkanum frá Balenciaga. Þó að Kirsten takist ágætlega til er erfitt að toppa Miröndu sem rokkar upp síðkjól og hæla. Guðdómleg!

FERGIE VS. LINDSAY LOHAN
Fergie er ótrúlega kasjúal og flott í peysu frá Philip Lim við gallabuxur og hæla. Lindsay tekst því miður ekki jafn vel til, hnéháu leðurstígvél-in eru ekki að gera góða hluti.

Dið komum
í fríði!

VILTU
VINNA
MIÐA?

A TIMO VUORENSOLA FILM

IRON SKY

FRUMSÝND 13. APRÍL

græna
ljóstið

HÁSKÓLA
BÍÓ

BÍÓ PARADÍS
Húsið kvikmyndanna

SMS
LEIKUR

9. HVER
VINNUR!
FJÖLDI
AUKAVINNINGA

SENDU SMS SKEYTIÐ **ESL SKY**
Á NÚMERIÐ **1900**

OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

FULLT AF VINNINGUM:

BÍOMIÐAR

TÖLVULEIKIR - DVD MYNDIR - GOS OG FLEIRA!

VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 149 KR/SKEYTIÐ. MEÐ ÞVI AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.

WWW.SENA.IS/IRONSKY



Þjóðin sem dans

Sykur spilar á hátíðinni *The Great Escape* í næsta mánuði. Rafkvartettinn sagði **Monitor** frá gistingu sinni í fangaklefa, fjólubláa hárinu og einkaritaranum Gurrý.

Texti: Einar Lövdahl
Myndir: Arni Sæberg

einar@monitor.is
saeberg@mbl.is

Hljómsveitin Sykur hefur aðstoðað dansþyrsta Íslendinga við að svala dansþorstanum undanfarin fjögur ár eða frá stofnun bandsins. Sveitin heldur í viking í maímánuði næstkomandi þegar hún treður upp á hátíðinni *The Great Escape* í Brighton og lætur svokallaðan sykurskatt augljóslega engin áhrif á sig hafa.

Þið tróðuð upp á Aldrei fór ég suður um páskana. Hvernig var?

Þ Það var ógeðslega gaman að spila þar og þarna var hellingur af skemmtilegu fólki.

K Já, Ísafjörður er ótrúlega fallegur staður. Ég held að það sé örugglega skemmtilegasti staður á landinu til að verða veðurtepptur á. Þarna er besta sjoppa á Íslandi, Hamraborg. Hún selur allt frá gítörum og trommukjöldum yfir í hamburgara.

Þ En er hægt að kaupa hamra þar?

Þ Já, það er pottþétt lager af þeim þarna á bak við.

Þú talar um veðurteppu, Kristján. Gekktu þú sem sagt ekki áfallalaust að koma þú í bæinn?

Þ Ég keyrði heim og það gekk bara vel.

K Við tókum flugið og það var svo sem fínt.

Þ Það var reyndar dálítill ókyrrð í lofti og fólk var farið að öskra á tímabili.

K Og gráta.

Erud þið sátt við málshættina sem þið fenguð um páskana?

Þ Nei, eiginlega ekki. Ég fékk tvö svona lítill páskaegg, á stærð við matarekk, og í öðru egginu var enginn málsháttur og í hinu egginu var málsháttur á ensku. Ég man reyndar ekki hvernig hann var.

Þ Ég fékk: „Öllu gamni fylgir nokkur alvara,“ sem ég hélt reyndar að væri ekki málsháttur því þetta er náttúrulega algjört kjaftæði. Það er til mjög mikið af gamni sem

fylgir nákvæmlega engin alvara.

Þ Ég man ekki hvað ég fékk, ég man bara að hann var fáránlega langur. Það var nánast bara A4-blað inni í egginu.

Þ Var það ekki þarna: „Það bar til um þessar mundir...“?

(Allir hlæja).

Varð nafn hljómsveitarinnar til í sykursjokki eftir nammivertíð á borð við páskana?

Þ Hljómsveitin varð náttúrulega til svona sirka um páska þó hún hafi formlega verið stofnuð 31. maí. Lagjóð Swedish Snowboard Girl varð til um páska 2008.

Þ En af hverju nafnið „Sykur“? Ég veit það ekki einu sinni.

Þ Þetta gerðist á MSN hér áður fyrr, sem er nú dálítið „vintage“ fyrirbæri í dag, þegar við Stefán vorum að kasta á milli okkar hugmyndum um hvað við ættum að skíra MySpace-ið okkar, sem er einmitt líka „vintage“. Einhvern veginn ákváðum við að „Sykur“ væri málið en vorum líka með einhverjar aðrar tillögur sem innihéldu orðið „sykur“, eins og Free of Sugar og „Sólvi sykurmaður“ (hlær).

Þið, Halldór og Stefán, voruð upprunalega einungis tveir í hljómsveitinni. Fljótlega bættist Kristján við og svo síðar Agnes. Er von á frekari fjölgun? Verðið þið að lokum fleiri en í Hjaltafni?

Þ Ætli það komi ekki í ljós með tíð og tíma.

Þ Það hafa náttúrulega ýmsir stigið á stökk með hljómsveitinni. Kormákur vinur okkar hefur til dæmis spilað með okkur nokkrum sinnum en við leyfðum honum það aðallega bara af því að hann vantaði kærustu.

Hefðuð þið, Agnes og Kristján, gengið til liðs við Sykur ef hljómsveitin hétu Sólvi sykurmaður í dag?

Þ Já, ég held það, mér finnst það flott nafn. Mér finnst að næsta plata ætti að heita þessu nafni.

Agnes, þú gekkst formlega í hljómsveitina fyrir útgáfu nýrrar plötunnar, Mesópótamíu. Hvernig endaðir þú í Sykri?

Þ Formlega kom ég inn í þetta band fyrir svona einu ári síðan en ég hafði samt unnið í tónlist með Halldóri nokkuð lengi. Við búum við hliðina á hvort öðru. Þetta byrjaði allt á einu

föstudagskvöldi sumarið 2008 þegar ég fór í parti þar sem ég hittu Halldór. Síðan fórum við heim til Halldórs að hlusta á lag. Æ, þetta hljómar geðveikt illa.

Þ Nei nei, þetta er fin saga.

SYKUR Á 30 SEKÚNDUM

Stofnuð: Í maí 2008.

Meðlimir: Agnes Björt Andradóttir, Halldór Eldjárn, Kristján Eldjárn Hjörleifsson og Stefán Finnbogason.

Uppruni: 101 og 107 Reykjavík.

Plötur: Frábært eða frábært (2009) og Mesópótamía (2011).



Þar aldrei dansaði

A Já, við fórum sem sagt að syngja saman og Halldóri leist vel á röddina mína og prófaði að láta mig syngja inn á eitthvað „bít“ sem hann var búinn að semja, sem í dag er lagið Reykjavík. Upphaflega kölluðum við það „Fireman's Project“, þú skilur, vegna „Eldjárnsnafnsins“.

B Ó, ég hélt að þetta ætti að vera eitthvað svona geðveikt „gay“, eitthvað svona Chippendale-dæmi. (Allir hlæja).

A Reykjavík varð sem sagt til sem lag árið 2009.

B Já, það var samið sem óður til sumarsins 2008.

Í hljómsveitinni er mestöll ykkar tónlist leikin á „hljóðgervla“ (e. synth) en þið eruð þó öll lærð og liðtæk á órafmögnum hljóðfærum, ekki satt?

B Ég er trommari og kann eitthvað fyrir mér í píanóleik og bassaleik. Ég er líklega „altmuligtmand“ en með áherslu á trommur og píanó.

S Ég lærði á fiðlu frá fimm ára aldri, svo fór ég að læra franskt horn og síðan kann ég á píanó.

K Ég er gítarleikari og lærði klarinett í den.

A Ég spila líka á gítar.

Eruð þið strákarnir fyrrverandi lúðrasveitarlúðar?

S Þokkalega, eða bara lúðrasveitartöfvarar. Ég myndi segja að við værum stoltir af því.

K Já, lúðrasveitir eru mjög töf.

S Við búum að reynslunni sem hlaust þar alla ævi.

Áður fyrr voruð þið duglegir að taka gömlu vini ykkar úr lúðrasveitunum með upp á svið til að spila með ykkur, ekki satt?

B Jú, við bjuggum sem sagt til litla lúðrasveit sem hét Lellukórinn í stíl við lagið Lessupjetur. Þau spiluðu með okkur á Nasa 2008.

K Það var einmitt fyrsta giggið sem ég spilaði á.

B Þá vorum við allir klæddir í lúðrasveitarbúninga, með Lellukórinn fyrir aftan okkur og það hljómaði mjög skemmtilega.

S Já, síðan endurtókum við þetta á Menningarnótt 2010 og á einu giggi til viðbótar. Við verðum að gera þetta aftur.

Þið hafið troðið upp á Airwaves-hátíðinni undanfarin 4 ár. Hafið þið fundið fyrir mun milli hátíða?

K Manni finnst hátíðin alltaf vera að stækka eitthvað en svo er líka skemmtilegt hvernig giggin okkar á hátíðinni hafa alltaf stækkað ár frá ári.

B Við erum búin að klifra upp „venue-metorðastigann“ frá fyrsta árinu okkar, 2008.

S Þá spiluðum við bara einu sinni á efri hæðinni á 22 sem var frekar lítið giggi. Ég



■ ■ Já og lyktin sem fylgir því þegar það er nýbúið að skúra bjórinn af gólfinu þarna er manni eiginlega bara eins og vor í lofti...

ótalió

man að á þeirri hátíð var ég alltaf farinn heim í háttinn klukkan níu (hlær).

Tónleikastaðurinn Nasa hefur leikið stórt hlutverk í þeirri tónlistarhátíð og reyndar gjörvallri tónleikameningu Reykjavíkurborgar undanfarin ár. Munuð þið sem tónlistarmenn syrgja Nasa verði hann rífinn í sumar?

A Algjörlega, þetta er ömurlegt. Eitt af því sem ég fíla best við Nasa, sem ég veit reyndar að mörgum öðrum tónlistarmönnum finnst óþægilegt, er að bassa-boxin eru undir sviðinu þannig að þegar þú ert að spila titrar allt sviðið geðveikt mikið.

K Það er ógeðslega óþægilegt, þá heyrir maður ekkert í sjálfum sér (hlær).

A Ég elska það. Þá fær maður einhvern fíling í allan líkamann.

S Já, þetta er frábær staður og alveg einstakur, það er enginn annar svona staður í þessari stærð. Svo er andrúmsloftið eða stemningin líka sér á bati.

H Já og lyktin sem fylgir því þegar það er nýbúið að skúra bjórinn af gólfinu þarna er manni eiginlega bara eins og vor í lofti.

A Já, maður á líka eftir að sakna alls fólksins í sleik á bekkjunum í salnum.

Auðvitað virðist ekki vera margt í stöðunni til að breyta þessum áformum, en væruð þið tilbúin að grípa til róttækra aðgerða til að bjarga staðnum ef það væri til einhvers?

K Já, ég gæti mögulega hugsað mér að fóna vinstra nýranu mínu.

H Málið er að það væri kannski allt í lagi að rífa þennan kassa af gamla Sjálfstæðis-húsinu ef í staðinn kæmi annar tónleika-staður en ekki hótél.

Í upphafi árs fóruð þið til Ósló að spila á hátíðinni by:Larm. Hvernig var stemningin hjá Norsurinum?

K Geðveikt fín, þetta var yndisleg hátíð. Annað kvöldið spiluðum við í lítilli kjallaraholu með geðveiku hljóðkerfi og stemningin var frábær og seinna kvöldið spiluðum við á klúbb sem var á elleftu hæð í háhýsi. Þetta voru sem sagt skemmtilega ólík gígg. Af þessum klúbb var útsýni yfir alla Ósló sem var alveg geðveikt.

H Já, þar sáum við öll borgarljósin sem Norðmennirnir hita upp með olíunni sinni.

K Akkúrat, ég hef heyrt að Norðmenn stundi það í staðinn fyrir að taka lýsi eins og við Íslendingar að taka eina skeið af olíu á hverjum morgni.

S Já, stemningin var rosa flott og við fengum Norðmennina meira að segja til að dansa.

Langafi minn sem var 100 ára hlustaði rosalega mikið á okkur. Hann mætti einu sinni á tónleika með okkur og allt.

A Norðmenn dansa víst almennt ekki, eða svo var okkur sagt. Fólk þarna var alveg hissa á því að við hefðum fengið fólk út á dansgólfið.

H Agnes stendur sig líka oftast vel í því að hoppa af sviðinu og fara að dansa með fólkinu. Það hefur bara verið alltof mikið fyrir Norðmennina svo þeir hafa bara ósjálfrátt farið að kippast allir til.

Þann 10. maí næstkomandi haldið þið aftur í viking þegar þið spilið á tónlistarhátíðinni Great Escape í Brighton. Hvernig leggst það í ykkur og hvernig atvikaðist þetta?

K Alveg geðveikislega vel.

A Mjög vel, þetta er svona svokallað „showcase festival“ eða bransahátíð með fullt af nýjum hljómsveitum og tónlistarmönnum. Þangað mætir fólk til að sjá hvað er nýtt og spennandi, hvað er á uppleið og svo framvegis.

S: Aðstandendur hátíðarinnar höfðu samband við okkur og buðu okkur að spila, sem er mjög skemmtilegt.

Þetta er árleg hátíð þar sem tónlistarmenn á borð við Sufjan Stevens, Tinie Tempah og Vampire Weekend hafa troðið upp á undanförunum árum. Er þessi hátíð stökkpallur fyrir eitthvað meira?

A Já, hún getur pottþétt verið þannig.

S Já, þarna eru fullt af útsendurum fyrir aðrar tónlistarhátíðir og blaðamenn svo þetta gefur okkur auðvitað aukna

möguleika og mun vonandi skila sér í einhverju góðu.

A Vonandi dregur þetta eitthvað spennandi í netið hjá okkur og vindur eitthvað upp á sig.

Er það draumurinn, að geta spilað meira og oftari úti og jafnvel lífað á Sykri?

S Það er rosalega gaman að spila úti, bara algjör snilld, og við höfum fengið góð viðbrögð í útlöndum sem er náttúrulega endalaus ánægja. Að því leyttinu til væri gaman að spila meira úti.

H Maður lifir nú ekki á sykri einum saman. Við erum ekkert að flýta okkur, það er nóg að gera akkúrat núna.

Hafið þið gerst svo miklar rokkstjörnur að rústa hótélherbergjum þegar þið farið út að spila?

H Við ætluðum einu sinni að henda sjónvarpi út um gluggann.

K Við náðum hins vegar ekki að opna gluggann nógu vel svo við hættum við.

H Ég var samt búinn að taka flatskjáinn af veggnum og allt. Vá, þetta er ömurleg rokkarasaga.

(Allir hlæja).

S Svo gistum við eiginlega í fangaklefa einu sinni. Við fundum ekkert hótél svo við enduðum á farfuglaheimili sem var fangelsi á árum áður. Hljómsveitin The Clash þurfti meira að segja að gista fangageymslur þarna.

A Þar sváfum við á einhverjum ömurlegum kojum og vorum fjögur saman í einum fangaklefa.

Þið eigið tvær útgefnar breiðskífur, Frábært eða frábært (2009) og Mesópótamía (2011). Hver er helsti munurinn á þeim?

H Það er meiri söngur á nýju plötunni.

S Sú eldri meira elektró án söngs og er kannski tilraunakenndari. Nýja platan er líklega poppaðri.

K Já, líka dansvænni. Auðvitað hafði það mikil áhrif að fá frontmanneskju inn í hljómsveitina, sem gerir sérstaklega mikið fyrir okkur þegar við spilum á tónleikum.

H Já og fjólublátt hár, það var ekkert fjólublátt hár á gömlu plötunni.

K: Halldór ihugaði samt að lita sitt fjólublátt til að fá þessa stemningu inn á þá plötu.

Er einhver sérstök þæling á bak við fjólubláa hárið, Agnes?

A Nei nei, fyrir mér er þetta í raun bara eins og hver annar hárlitur, svona er ég bara.

H Það er ekki hægt að labba með Agnesi á götum úti í útlöndum því hún er alltaf

Allt það góða sem lífið hefur upp á að bjóða!

ÚTIVISTARSFRÍKJÓÐ

SNJALLSÍMI 2011 ÁRSINS

SAMSUNG GALAXY Y

SAMSUNG GALAXY XCOVER

SAMSUNG GALAXY S II

UNGLINGURINN

SNILLINGURINN

HVER Í HLJÓMSVEITINNI...

...er líklegastur/líklegust til að sofa yfir sig?

„Við sofum ekki oft yfir okkur en ef við Stefán sofum saman í rúmi þá er ekki séns að vekja okkur. Ætli við séum ekki þjángarbræðurnir í þessum flokki,“ segir Halldór eftir fjórugar umræður innan hópsins.



...er matvandastur/matvöndust?

„Stefán,“ segja öll í fyrstu andrá. Stefán maldar í móinn og bendir á að hann sé með mjólkuróþol og það heiti ekki að vera matvandur. „Ég sætti mig ekki við þetta, ég borða

allti“ bætir hann við og uppsker hlátur.

...veit mest um íþróttir?

„Kristján, þú veist svo margt,“ segir Agnes og uppsker undrun Kristjáns.



„Já, Kristján er alltaf að rífa í járn,“ bætir Halldór við.

...innbyrðir mestan sykur?

„Örugglega ég. Eða kannski



við Halldór,“ segir Agnes. „Ég hef samt ekki drukkið kók í ár eða eitthvað, ég er „off the white stuff“,“ svarar Halldór. „Nú jæja, þá er það ég,“ bætir Agnes við.

...verður fyrst/ur til að eignast barn?

„Kristján,“ sammælast allir um enda um aldursforsetann að ræða. „Ég hata samt börn. Nei, grín,“ segir hann og hlær.

stoppuð af fólki sem vill fá að taka mynd af sér með henni.

A Mér finnst þetta bara skemmtilegt. Ég fíla að breyta til og vera í litum.

Lag ykkar BlazRoca, Viltu dick?, gerði allt vitlaust hérlendis fyrir nokkru síðan. Leikið þið það lag enn þá á tónleikum?

B Við ákváðum bara að kveðja það. Það var vinsælt og kannski gæti það alveg enn fengið góðar viðtökur á tónleikum en við erum bara með margt annað sem er nýrra og ferskara og okkur langar frekar til að spila. Við höfum ekki áhuga á að dvelja lengur við lagið auk þess sem Erpur er náttúrulega aldrei með okkur á tónleikum.

Það gengur sú saga um að Viltu dick? hafi verið samið í villtu eftirpartí hjá BlazRoca og félögum. Satt eða lagið?

B Það er ansi fjarri sannleikanum. Við sendum honum einfaldlega tölvupóst þar sem við spurðum hann hvort hann hefði áhuga á að semja rapptexta við lagið okkar. Upphaflega var „bítið“ meira að segja

árshátíðarlag í MR. Hann tók vel í þetta og við mættum heim til mömmu hans þar sem hann var að passa húsið hennar. Þá var hann bara á baðslopp að bera á pallinn heima hjá henni. Svo mætti hann í svefnherbergið heim til mín, bláedrú um hábjartan dag og rappaði inn á upptökuna.

Hlusta foreldrar ykkar og afar og ömmur á tónlistina ykkar?

K Nei.

B Pabbi hlustar alltaf á báðar plötur þegar hann er úti að hlaupa.

S Ég held að foreldrar mínir hlusti alveg á þetta þegar ég læt þá gera það. Langafi minn sem var 100 ára hlustaði rosalega mikið á okkur. Hann mætti einu sinni á tónleika með okkur og allt.

A Ég á eftir að gefa mömmu plötuna svo hún hefur eiginlega ekki enn fengið tækifæri til að hlusta á Sykur.

Í viðtali við Monitor síðastliðið sumar sögðuð þið lesendum frá Gurrý, einkaritari ykkar. Hvað er að fréttu af henni?

A Eigum við ritara?

S Ég held að hún sé dáin.

B Gurrý deyr aldrei.

S Hún er annaðhvort dáin eða föst í mátunarklefanum í Kronkron.

K Ég held að hún sé í leyfi frá vinnu vegna þess að kötturinn hennar, Dúllý, var að eignast kettlinga.

B Já, hún er pottþétt í katteignarleyfi.

Hvert stefnir Sykur á næstunni?

B Það kemur út myndband á næstunni við lagið Curling. Það mun bera ágætan keim af níunda áratugnum. Það verður mikil grafík í því.

A Og mikill hestur.

S Komandi sumar er spennandi. Við spilum væntanlega slatta heima en ætlum líka að reyna að vera eitthvað meira á Englandi, kannski fara til London og jafnvel til meginlands Evrópu.



Listamaðurinn



Stilistinn

TÓNLISTARMADURINN

Símar fyrir alla frá Samsung. Söluaðilar um land allt

„Heyrðu já, ég ætlaði að fá herna einkanúmerið Tóti.“
Íslenski draumurinn (2000)



**VILTU
VINNA
MIÐA?**

**SENDU SMS SKEYTIÐ
ESL SHIP Á
NÚMERIÐ 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!**



FRUMSÝND 13. APRÍL

**9. HVER
VINNUR!
FJÖLDI
AUKAVINNINGA**

**FULLT AF VINNINGUM:
BÍÓMIÐAR
TÖLVULEIKIR - DVD MYNDIR
GOS OG FLEIRA!**

VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 149 KR/SKEYTIÐ. MEÐ ÞVI AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.



„YOU HAD ME AT HELLO,“ GÆTI ÞÍAN
Á ÞESSARI MYND VERIÐ AÐ SEGJA

FRUMSÝNINGAR HELGARINNAR

Battleship

Alþjóðlegur herskipafloti liggur við höfn á Hawaii þar sem undirbúningur fyrir viðamikla flotaæfingu fer fram. Liðsmaður einn úr bandaríska sjóhernum, Stone Hopper (Skarsgård) hefur beðið kærustuna sína að giftast sér, en þabba hennar, flotaforingjannum Shane (Neeson), líst vægast sagt ekki vel á þau áform. Þeir verða þó að leggja ágreining sinn til hliðar, því æfingin tekur óvænta stefnu þegar öflugur andstæðingur af óþekktum uppruna ræðst til atlögu við flotann. Það er á ósköp venjulegum degi sem fyrsta árásin er gerð. Skyndilega fellur risastór vígahnöttur til jarðar og rífur allt í sundur sem fyrir honum verður. Í kjölfarið fylgja

Leikstjóri: Peter Berg.
Aðalhlutverk: Alexander Skarsgård, Brooklyn Decker og Liam Neeson.
Lengd: 131 mínútur.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 12 ára.
Kvikmyndahús: Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó og Borgarbíó.

svo margir slíkir hnettir með ólýsanlegri eyðileggingu og manntjóni. Ráðamönnum verður strax ljóst að árásin er ekki af þessum heimi og að tilgangur hennar er að útrýma öllu mannlegu lífi. Um leið kemur í ljós að meginfloti geimveranna hefur komið sér fyrir undir yfirborði hafins þaðan sem þessum ógnvekjandi vígahnöttum er skotið á land. Það kemur því fyrst í hlut bandaríska flotans og ráðamanna hans að reyna einhver varnariðbrögð þótt ekki sé ljóst hvernig hægt sé að ráða niðurlögum hins öfluga innrásarhers. Til að gera baráttuna enn flóknari hafa geimverurnar náð að einangra árársræðið þannig að það sé ómögulegt fyrir utanaðkomandi að koma til aðstoðar.

Monitor ætlar að gefa miða á Battleship, fylgstu með ...
[facebook.com/monitorbladi](https://www.facebook.com/monitorbladi)

**VILTU
VINNA
MIÐA?**

KVIKMYND

Þetta er komið gott

American Pie-myndirnar eru klassískar hjá minni kynslóð enda er fyrsta myndin mjög myndin í minningunni. Sú mynd gerði allt vitlaust á sínum tíma og er atriðið með Nadiu að dansa fyrir framan vefmyndavélina ógleymanlegt. Í American Reunion hittast allir félagarnir aftur á 13 ára útskriftarafmæli sínu. Að sjálfsgöðu eiga þeir allir við sín vandamál að stríða. Jim og Michelle eiga í hjónabandsrífðleikum, Oz er í tilvistarkreppu og Stifler gengur erfiðlega að fóta sig á vinnumarkaðnum. Þrátt fyrir ágætis tilraun náði American Reunion ekki að heilla mig. Hún er auðvitað ekki flókin og markhópurinn mjög greinilegur. Brandaramir eru mjög fyrirsjáanlegir og afleiðingar ekki eins myndnar og þegar maður var 14 ára að horfa á fyrstu myndina. Inn á milli komu reyndar ágætis atriði en fljótlega fóru klisjurnar að taka völdin og voru nokkur atriði alveg skelfilega léleg.



Nokkrir skelfilegir leikarar

Leikararnir í American Reunion hafa ekki náð mjög langt eftir að fyrsta myndin kom út árið 1999. Alyson Hannigan hefur líklega náð hvað lengst



en hún leikur í þáttunum How I Met Your Mother. Hinir leikararnir hafa látið lítið fara fyrir sér. Það sem er verst við þessar myndir er parið Kevin og Vicky. Það er eitthvað leiðinlegasta þess kvikmyndasögunnar. Þegar maður horfir á þau sér maður hvað leikarar geta verið lélegir. Oz og Heather fylgja fast á eftir en þau eru einnig alveg hrikalega leiðinleg. Ég leit undan þegar þau byrjuðu að tala við hvort annað því samtölin þeirra eru algjör hörmung. Aðrar persónur eru aðeins skárrí og stendur Stifler upp úr. Þó svo hann sé frekar einföld persóna er alveg hægt að hafa gaman af honum. Án hans myndi enginn nenna að horfa á þetta. Hann á þessi tvö M alveg skuldlaust.

AMERICAN REUNION





ER KATE WINSLET MEÐ MYND AF SJÁLFRI SÉR Á BOLLANUM?

SVARTHÖFÐI.IS ...gagrýnir úr bunkanum

Minningar þurrkaðar út

Sambandslit og skilnaðir geta farið ansi illa með fólk og það eru þá ekki síst minningarnar um þá eða þann fyrrverandi sem valda hugarangri og éta þá sem engast í ástarsorg upp að innan.

Í *Eternal Sunshine of the Spotless Mind* kemst Jim Carrey að því að það er til skemmtileg og ódýr lausn á þessu hvítleiða vanda máli; maður fer bara til læknis sem hreinsar burt allar minningar um fyrrverandi kærustuna. Aðgerðin tekur eina nótt og þegar Carrey vaknar mun hann ekki lengur sakna elskunnar sinnar, sem Kate Winslet leikur, einfaldlega vegna þess að fyrir honum hefur hún aldrei verið til. Það borgar sig að segja sem minnst um innihald myndarinnar en atburðarásin á sér að mestu stað í huga aðalpersónunnar á meðan hún sefur og horfir á minningar sínar hverfa.

Sagan er eftir Charlie Kaufman sem átti áður að baki snilldarmyndirnar *Being John Malkovich* og *Adaptation*. Sem

fyrir þvælist hann inni í kollinum á persónum sínum og það kemur vel í ljós hér að hann er orðinn býsna flinkur í þessum hugarflækjum þar sem *Eternal Sunshine of the Spotless Mind* er töluvert betri en fyrri myndirnar og þá er heilmikið sagt.



Sagan er í eðli sínu flókin og það hefði hæglega verið hægt að klúðra henni en framsetningin er pottþétt, áferðin smart og leikararnir svo góðir að það klikkar ekkert. Carrey sýnir heldur betur hvað í honum býr og glansar í gegnum hlutverk sitt, Kate Winslet og Elijah Wood (ekki hobbitalægur) eru einnig traust en senuþjófurinn er Mark Ruffalo sem tók þarna af öll tvímæli um það að hann er leikari í toppklassa.

Eternal Sunshine of the Spotless Mind vekur upp margar spurningar um ástina, hugsanir, minningar og samskipti kynjanna. Hún svarar ef til vill engu en

minnir á hið fornkveðna að enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur og að minningarnar eru það dýrmætasta sem við eigum þó þær geti verið sárar.

Lækningin við ástinni og sorginni sem getur fylgt henni finnst sjálfsagt aldrei en þessi mynd getur ýft upp sár hjá áhorfendum um leið og hún veitir huggun með því að sýna svo ekki verður um villst að sársauki og söknuður er eitthvað sem er óhjákvæmilegur fylgifiskur þess að vera til.

Eternal Sunshine er hreinn Egullmoli. Mynd sem gleymist seint og býður upp á endalausar vangaveltur fyrir þá sem á annað borð nenna að pæla í nokkrum sköpuðum hlut. Brilljant mynd og ekki spillir fyrir að Valdís Óskarsdóttir klippir hana og gerir hana jafnvel betri en hún hefði annars orðið.

www.svarthofdi.is

Skoðaðu lögin og keppendur í Söngkeppni framhaldsskólanna á mbl.is/songkeppni

mbl.is



Útgáfutónleikar Vicky í kvöld

Rokksveitin Vicky stendur fyrir útgáfutónleikum í Bæjarbíói í Hafnarfirði í kvöld kl. 21. Sveitin gaf út sína aðra breiðskífu í október síðastliðnum sem ber nafnið *Cast a Light* en þess má til gamans geta að platan rataði inn á lista tímaritsins *Rolling Stone* yfir bestu jaðarplötur síðasta árs.

Að sögn verður þetta eina skiptið sem Vicky hyggst spila plötuna í heild sinni auk þess sem þetta verða síðustu tónleikar hljómsveitarinnar í bili þar sem hún hyggst taka sér smá frí að tónleikunum loknum sökum annarra verkefna.

NOMA

MULTIMEDIA DESIGNER
Web Development
Digital Design
Animation, video & 3D
Management & Marketing



Skráðu þig inná www.noma.nu



IBA

MARKETING MANAGEMENT
FINANCIAL MANAGEMENT
E-DESIGNER (Entrepreneurship)
PROFESSIONAL BACHELOR
- IN INTERNATIONAL SALES & MARKETING MANAGEMENT



Skráðu þig með því að skanna kóðann eða hjá dhjo@iba.dk




Kynningafundur 24. apríl

Hagatorgi, 107 Reykjavík á Radisson Blu Hótel Saga

NOMA kl. 16:30

IBA kl. 17:30

Skólarnir eru staðsettir í Kolding, Danmörku. Námin eru lánshæf hjá LÍN. Engin skólagjöld. Öll kennsla fer fram á ensku. Önnin byrjar 3. september 2012.



LOKAPRÓFIÐ

| 12. apríl 2012 |
MONITOR skólinn

Ég heiti Magnús Már Einarsson Ef ég væri ekki Magnús Már Einarsson myndi ég

þú veist hver ég er af því að Fótbolti.net er homepage hjá þér!

- Um helgina fögnum við hjá Fótbolti.net 10 ára afmæli og af því tilefni ætlum við að
- a) kaupa lénið fotbolti.is.
 - b) setja á lagginnar útibú sem heitir handbolti.net.
 - c) segja þeta gott.
 - d) kynna til leiks Fótbolti.net-appið.

og grilla pylsur, gefa djús og jafnvel nokkrar blöðrur.
og gefa frítt í sund og állskonar

Ef ég yrði ráðinn eigandi og stjórn Liverpool á morgun yrði mitt fyrsta verk að

- a) reisa gullstytta af Steven Gerrard fyrir utan Anfield.
- b) henda Charlie Adam aftur til Blackpool.
- c) festa kaup á Gylfa Þór Sigurðssyni.
- d) stilla sjálfum mér upp í fremstu víglínu liðsins; þá kæmu mörkin.
- e) holuhá!



Mamma mín er

- a) Sigfríðingur ársins
 - b) Ísfríðingur ársins
 - c) Mosfellingur ársins
 - d) Dalvíkingur ársins
- og því fylgja frjóndi eins og að hafa á fótbolta fram yfir frettir

Þegar ég hitti Roberto Carlos á dögnum

- a) gaf ég honum „hæ-fæv“.
- b) bað hann mig um eiginhandarritun.
- c) sagði ég við hann: „Your free-kick against France in '97 was bloody crazy, mate!“
- d) varð ég svo feiminn og stressaður að ég kom ekki upp aukateknu orði.
- e) fékk ég bara þolamynd með honum því hann kann ekki ensku

Eiginhandarritunin mín lítur svona út:

(Handwritten signature)



- helst vilja vera
- a) Magnús Scheving, íþróttálfur
 - b) Maggi Eiríks, tónlistarmaður
 - c) Magnús Ver Magnússon, fyrrverandi sterkasti maður heims
 - d) Már Guðmundsson, Seðlabankastjóri
 - e) Maggi Gylfa

af því að þú færð ég frítt á biðhúsið og er með rödd eins og þokulúður

Afturelding er

- a) örliðið betra en Hvíti riddarinn.
- b) misskiðið stórveldi.
- c) á leið upp í 1. deild í knattspyrnu næsta haust.
- d) hvorki fugl né fiskur.
- e) með bleiku þarlausinn sem lukkuður

Ef ég væri ekki ritstjóri Fótbolti.net myndi ég helst vilja vera

- a) ritstjóri Playboy
- b) atvinnumaður í knattspyrnu
- c) formaður KSÍ
- d) vallaerjór á Tungubökkum
- e) hægri hönd Gumma Ben í Messunni
- f) _____

af því að þú er nóg til!

Í kvikmynd um ævi mína myndi ég vilja fá Eric Camona til að leika mig en líklega yrði það samt Eggert Þorleifsson.

Síðasta sms sem ég fékk var frá Óna og í því stóð:

Big AC, what??? A MAN!!!

Ef ég mætti gera Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa

(Staðfest)



VEL GERT

Fanny Þorbjörg

Ég hef ákveðið að hrósa Fannyju Þorbjörgu Guðmundsdóttur fyrir að vera hugrakkasta og jákvæðasta manneskja sem ég þekki. Hún hefur gefið mér

og mörgum öðrum mikinn innblástur.
Helga María Vilhjálmisdóttir



ÞÓRA ARNÓRS

ÉG HEF ALDREI

- 1 ...komið til Grænlands. Dreymir hins vegar um það.
- 2 ...getað gleymt spurningunni sem sló okkur út úr Gettu betur á sínum tíma. Það var sjálfur Bankó úr Macbeth, hvers nafn er greytt í huga mér um ókomna tíð! Urg.
- 3 ...farið í fallhlífarstökk. Var einmitt orðin ófrísk þegar það bauðst. Svekkjandi.
- 4 ...lært að gera fasta fléttu. Veldur stundum minnimáttarkennd þegar ég mæti með dóttur mína á leikskólann.
- 5 ...verið með yfirdrátt.
- 6 ...gengið á Esjuna. Það er að segja alla leið. Bara rólt upp að steini. Dálítið lélegt, ég veit.
- 7 ...getað fundið mér lið til að halda með í enska. Er að bíða eftir beinum útsendingum frá efstu deild kvenna.
- 8 ...farið í forsetaframboð áður.

HVAÐ ER TÍTT?

Nafn: Þorsteinn Guðmundsson.
Á forsiðu: 24. febrúar 2011.
Fyrirsögn viðtals: Eins og partí-gestur sem fer á kostum

Oh, allt mein hægt hjá mér. Ég hef verið að fást við að yrkja ljóðabók, skrifa skáldsögu og svo pota ég reglulega í kvikmyndahandrit og sjónvarphandrit en það er eins með mig og Dr. Frankenstein að ég veit aldrei fyrirfram hvaða skrímsli lífna við og hver ekki. Veturinn hefur farið mikið til í auglýsingagerð og uppstand og lítið lát á því, gamli krókurinn pantaður fram á haustið, vítt og breitt um landið og miðin. Nú svo reyni ég að létta undir á heimilinu og bið ástkæra eiginkonu að taka viljann fyrir verkið, nota kvöldin í að læra ómstríða hljóma á gítarinn, drekka púrtvín og það gerist æ sjaldnar í mínu lífi að ég gráti mig í svefn, heldur þvert á móti hef ég alla jafna gríðarlega spennandi draumfarir.



LOL-MAIL MONITOR

10. apríl 2012 10:05
til: Benedikt Valsson

Margblessaður, Hraðfrétta-Benni!

Þá situr maður víst í ritstjórnastól þessa vikuna. Hver er betur til þess fallinn en þú að bomba á okkur Monitor-menn einum brandara, stuttum og hressum í anda Hraðfrétta?

Láttu vaða og skoraðu svo endilega á einhvern annan húmorista.

Bið að heilsa þér,
Einar Lövdahl

Blessaður!

Gigtarsjúklingurinn fór til læknis. Læknirinn spyr: „Hvað amar að þér vinur?“. Sjúklingurinn svarar: „Ja, það eru nú bara fastir liðir eins og venjulega.“

Ég skora á Hjaltalá Úrsus. Haltu áfram að vera sterkur, Hjalti!

Bestu kveðjur,
Benni Vals

SÍÐAST EN EKKI SÍST

►► **Andrea Röfn Jónasdóttir**, fyrirsæta, fílar:

KVIKMYND: Ef það er einhver mynd sem ég hef séð oft þá er það Dumb and Dumber. Við fjölskyldan getum nánast talað með henni enda hefur hún verið vinsæl á heimilinu síðan ég man eftir mér og við hlæjum alltaf jafn mikið.



BÓK: Ég las Sjálfstætt fólk eftir Halldór Laxness í skólanum í fyrra, ótrúleg bók með svakalegum sögupersónum og maður lifir sig mikið inn í söguna. Bjartur í Sumarhúsum er líka einhver ótrúlegasti karakter sem ég hef lesið um.



PLATA: Watch the Throne með Jay-Z og Kanye West er ekki ennþá orðin þreytt þó ég hlusti nánast á hana daglega. Ég fór á tónleika með Kanye síðasta sumar og dreymir um tónleika með Jay-Z enda er hann í algjöru uppáhaldi hjá mér.



ÞÁTTUR: Þó ég gefi mér yfirleitt lítinn tíma í að horfa á sjónvarp þá eru tveir þættir sem ég held mikið upp á í augnablikinu, Modern Family og Entourage.



VEFSÍÐA: Twitter, þó ég sé í algjörum minnihlutahópi þar enda hvorki strákur né í fótbolta. Mér finnst gaman að

fara þar inn og sjá hvað fólk hefur að segja um hina ýmsu hluti, aðallega íþróttir. Svo kíkji ég oft á fréttasíður og Fótbolta.net.



STAÐUR: Vesturbærinn, án umhugsunar. Þar líður mér best enda hef ég alltaf búið þar og ber miklar taugar til alls sem staðnum tilheyrir, sérstaklega gömlu skólanna minna og auðvitað KR!





TILFINNINGARNAR TAKA VÖLDIN FÖSTUDAGSKVÖLDIÐ KL. 21.15 Á SKJÁEINUM!

Hver kemst áfram í úrslitapáttinn?
Hringdu núna í **595 6000** og við opnum strax.



ARNAR INGI ÓLAFSSON
REYKJAVÍK



SIGURÐUR BACHMAN
AKRANESI



SÖNGHÓPURINN LAGLEGAR
DALVÍK



JAIR VEGA
REYKJAVÍK



HALLDÓR ÖRN RÚNARSSON
HAFNARFIRÐI



ÁSTA BIRNA
MOSFELLSBÆ



ÓLAFUR HELGI
AKRANESI



RADIOACTIVE PANTS
REYKJAVÍK



HRAFNHILDUR MAGNEA
REYKJAVÍK



SÖLVI SNAER JÖKULS
SELFOSSI



TVEIR KASSAR
REYKJAVÍK



BJARGEY BIRGIS
REYKJAVÍK



KRISTINN GAUTI
AKRANESI



GUÐBJÖRG LINDA
REYKJAVÍK



KRISTÍN HARPA
ÍSAFIRÐI



ELVAR OG SARA
KÓPAVOGI OG REYKJAVÍK




EYDÍS ELFA
MOSFELLSBÆ




SKJÁREINN



MELKORKA OG MARÍN
REYKJAVÍK

 Skoðaðu myndir af keppendum inn á facebook síðu keppinnar

 #hkeppni

SPENNANDI
NÁM OG ÖFLUGT
FÉLAGSLÍF Í HÁSKÓLA
Í FREMSTU RÖÐ



ÆTLAR ÞÚ Í HÁSKÓLA Í HAUST?



HÁSKÓLI ÍSLANDS

YFIR 400 NÁMSLEIÐIR Í BOÐI Í HÁSKÓLA ÍSLANDS

Umsóknarfrestur um grunnnám á háskólaárinu 2012-2013 er til 5. júní 2012. Móttaka rafræna umsókna er hafin á heimasíðu háskólans, hi.is.